

## Breytingartillaga

### við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (BjG).

1. Við töfluna **Fjárstreymisýfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs árin 2018–2022**. Undir fyrirsögninni **Heildartekjur** komi nýr liður, svohljóðandi:

Milljarðar kr.	2018	2019	2020	2021	2022
<b>Ýmsar skatt- og eignatekjur</b>	53,4	63,5	69,3	72,3	75,4

2. Við töfluna **Heildarútgjöld málefna sviða árin 2018–2022** og töfluna **Útgjaldarammar málefna sviða árin 2018–2022**. Við bætist nýtt málefna svið, svohljóðandi:

Millj. kr.	2018	2019	2020	2021	2022
<b>35 Ýmis útgjöld</b> . . . . .	42.000	51.379	63.207	68.126	70.276

#### Greinargerð.

Eigi fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022 að þjóna markmiðum um eflingu mikilvægra innviða, m.a. uppbyggingu á sviði heilbrigðis-, mennta- og samgöngumála, gefa færi á bættum kjörum öryrkja og aldraðra og umbótum í húsnæðis- og fjölskyldumálum þarf að stækka útgjaldamma hennar og auka tekjur á móti. Hér er lögð til nokkru meiri tekjuöflun en nemur aukningu útgjalda, einkum framan af tímanum. Það leiðir til meiri afgangss af rekstri ríkissjóðs sem nemur um 0,5% af vergri landsframleiðslu fyrstu tvö ár tímabilsins en nokkru minna eftir það. Þessi áhersla gegnir þeim mikilvæga hagstjórnarlega tilgangi að vinna gegn þenslu og styrkingu gengis gjaldmiðilsins sem auðveldar lækkun vaxta.

Sökum þess hversu óljósar forsendur eru í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og plaggið ógagnsætt telur 1. minni hluti óhjákvæmilegt að í stað sundurliðaðra útgjalda í núverandi áætlun verði ramminn allur stækkaður til að koma til móts við verulega þörf. Síðan verði unnið að útfærslu á ráðstöfun rammans samhliða vinnu að fjárlagafrumvarpi sem taki mið af útgjaldaþörfinni.